



Fræðslunefnd FUNDUR – 2. október 2007

Fundur haldinn í fræðslunefnd Blönduós bæjar þriðjudaginn 2. október kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal. Mæting samkvæmt undirskriftum. Sunna Gestsdóttir formaður nefndarinnar setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Leikskóli: Skólaárið 2007 - 2008
2. Leikskóli: Fjárhagsáætlun 2008
3. Leikskóli: Önnur mál.
4. Grunnskóli: Fjárhagsáætlun 2008.
5. Grunnskóli: Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Leikskóli: Skólaárið 2007 - 2008.

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri fór yfir skólaárið 2007-2008. Fjöldi barna í leikskólanum er 55. Stöðugildi við leikskólann eru 14,92.

2. Leikskóli: Fjárhagsáætlun 2008.

Rætt var um fjárhagsáætlun ársins 2008.

3. Önnur mál vegna leikskóla.

Rætt var um lóðina í kringum leikskólann og framkvæmdir við hana. Rætt var um að það vantar skýrari reglur varðandi gjaldskrá fyrir börn námsmanna og leikskólastjóri er að afla sér upplýsinga varðandi þessar reglur hjá öðrum sveitarfélögum.

Hér viku af fundi fulltrúar leikskóla og fulltrúar grunnskóla mættu til fundarins.

4. Grunnskóli: Fjárhagsáætlun 2008.

Rætt var um fjárhagsáætlun fyrir skólaárið 2008.

Tillaga frá fræðslunefnd til bæjarráðs:

Tekinn verði upp systkinaafsláttur og afsláttur fyrir einstæða foreldra af vistunargjaldi á skóladagheimili og að sá afsláttur verði 30% og taki gildi frá og með 1. janúar 2008.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Tillaga frá fræðslunefnd til bæjarráðs:

Endurskoða og endurbæta það afsláttarkerfi sem að nú er notað í leikskólanum m.t.t. m.a. námsmanna og að veita afslátt milli skólastiga. Tillagan var samþykkt samhljóða.



5. Önnur mál Grunnskóli

Pórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri fór yfir starfsmannamál í skólanum. Sandra Stefánsdóttir skólaliði hefur látið af störfum og hefur sú staða verið auglýst. Sunna kynnti að skólamálaþing sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldið 23. nóvember nk. á Hótel Nordica frá kl. 9:00 -16:30.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:45

Sunna Gestsdóttir (sign.)

Jakobína Halldórsdóttir (sign.)

Erla Ísafold Sigurðardóttir, (sign.)

Auðunn Steinn Sigurðsson, (sign)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri (sign.)

Aðalbjörg S. Sigurvaldadóttir, fulltrúi starfsmanna leikskólans (sign.)

Pórhalla Guðbjartsdóttir, skólastjóri grunnskólans (sign.)

Berglind Björnsdóttir, fulltrúi starfsmanna grunnskólans (sign.)

Hanna Jörgensen, fulltrúi foreldra grunnskólabarna (sign.)